



Reglur Hafnarfjarðarkaupstaðar um úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja fyrir börn á tekjulágum heimilum **skólaárið 2020-2021**

1. gr.

Tilefni

Reglur þessar eru gefnar út til að samræmis sé gætt við úthlutun sérstakra íþróttá- og tómstundastyrkja til barna frá tekjulágum heimilum til að auka jöfnuð til íþróttá- og tómstundastarf, sbr. fjáraukalög fyrir árið 2020, sbr. og lög nr. 26/2020, um afmarkaðar og tímabundnar ráðstafanir til að bregðast við áhrifum COVID-19 faraldursins.

Styrkir þessir eru veittir af sveitarfélaginu á grundvelli VI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.

2. gr.

Inntak styrkveitingar

Til 31. júlí 2021 Fyrir lok skólaárs 2020-2021 skal greiða íþróttá- og tómstundastyrk með börnum fæddum á árunum 2005 til 2014 sem eru með lögheimili á tekjulágum heimilum. Með tekjulágum heimilum er átt við heimili þar sem heildartekjur framfærenda, einstaklings, hjóna eða sambúðarfólks, voru að meðaltali lægri en 740.000 kr. á mánuði á tímabilinu mars til júlí 2020, sjá nánar í 3. gr. um staðfestingu á tekjuviðmiði.

Styrk skal greiða vegna útlagðs kostnaðar við íþróttá- og tómstundastarf **á skólaárinu 2020-2021**, allt að 45.000 kr. fyrir hvert barn.

Íþróttá- og tómstundastyrkir eru veittir vegna þátttöku í skipulögðu íþróttá- og tómstundastarfi. Ekki er heimilt að nýta íþróttá- og tómstundastyrk til greiðslu á tækjum, búnaði og, fatnaði, og ferðum.

3. gr.

Umsókn

Íþróttá- og tómstundastyrkur skv. 2. gr., er greiddur samkvæmt umsókn. Umsókn skal berast til sveitarfélags fyrir 31. júlí 4. mars 2021 og miða skal við að íþróttá- og tómstundaiðkunin fari fram á skólaárinu 2020-2021 eða sumarið 2021..

Áður en sótt er um styrk skal umsækjandi senda beiðni um mat á tekjum í rafræna gátt hjá island.is, þar sem fæst sjálfvirk niðurstaða hvort umsækjandi uppfylli tekjuviðmið 2. gr. Ef



HAFNARFJÖRÐUR

umsækjandi uppfyllir tekjuviðmið er sú niðurstaða send sjálfvirk til Hafnarfjarðarkaupstaðar. Staðfesting á tekjuviðmiði er ekki umsókn til sveitarfélags.

Þegar sjálfvirk niðurstaða frá island.is liggur fyrir sækir umsækjandi um styrk til sveitarfélagsins. Með umsókninni skulu fylgja gögn er sýna fram á útlagðan kostnað við íþróttu- og tómstundastarf barnsins á árinu 2020-2021.

4. gr. Málsmeðferð

Umsókn eru afgreidd og niðurstaða kynnt umsækjanda svo fljótt sem unnt er. Ef umsókn er hafnað fær umsækjandi skriflegt svar þar sem ákvörðun er rökstudd með skýrum hætti.

Um málsmeðferð, þ.m.t kæruehilmild, fer að öðru leyti samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 og reglum sveitarfélagsins um fjárhagsaðstoð.

5. gr. Gildistaka

Reglur þessar, sem byggðar eru á leiðbeiningum félagsmálaráðuneytisins-~~um~~ um sérstaka íþróttu- og tómstundastyrki fyrir börn á tekjulágum heimilum ~~skólaárið~~ 2020-2021, öðlast þegar gildi.